

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 724/2014****2015/EES/23/06****frá 26. júní 2014****um staðal um gagnaskipti fyrir afhendingu gagna sem krafist er samkvæmt reglugerð  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 um evrópskt þjóðhags- og  
svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Af 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 549/2013 leiðir að aðildarríki ættu að afhenda framkvæmdastjórninni þau gögn og lýsigögn sem krafist er í reglugerðinni í samræmi við tilgreindan staðal um gagnaskipti og annað hagnýtt fyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina.
- 2) Að notast við einn staðal fyrir skipti á og afhendingu gagna um hagskýrslur sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 549/2013 myndi leggja umtalsverðan skerf af mörkum til samþættingar viðskiptaferla á þessu hagskýrsluviði.
- 3) Framkvæðinu að SDMX-sniði (e. *Statistical Data and Metadata Exchange*) hagskýrslu- og tæknistaðla fyrir skipti og samnýtingu gagna og lýsigagna var hrint úr vör af Alþjóðagreiðslubankanum, Seðlabanka Evrópu, framkvæmdastjórninni (e. *Eurostat*), Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, Efnahags- og framfarastofnuninni (e. *OECD*), Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðabankanum. SDMX-snið leggur til hagskýrslu- og tæknistaðla fyrir skipti á opinberum hagskýrslum, ásamt SDMX ívafsmálinu sem notar XML-málskipan („SDMX-ML snið“). Því ætti að innleiða nýtt gagnasnið og nýja skilgreiningu á gagnaskipan sem hönnuð er í samræmi við þennan staðal. Til að greiða fyrir yfirfærslunni í nýtt snið, ætti framkvæmdastjórnin fyrstu tvö árin eftir gildistöku reglugerðarinnar að útvega aðildarríkjum sniðmát sem hægt er að nota sem umbreytingarverkfæri fyrir SDMX-snið.
- 4) Framkvæmdastjórnin ætti að gera ítarlegar upplýsingar aðgengilegar varðandi skilgreiningarnar á gagnaskipan SDMX-sniðs ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Staðall fyrir sendingu gagna**

Aðildarríki skulu nota skilgreiningar á gagnaskipan SDMX-sniðs þegar þau láta í té gögn sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 549/2013.

*2. gr.***Tækniforskriftir fyrir gagnasnið**

Aðildarríki skulu láta í té gögn og lýsigögn á SDMX-ML sniði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 1.7.2014, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 26.6.2013, bls. 1.

3. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---